

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 31. janúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri.

Breytingin tekur til Verkmenntaskólans og felur í sér að byggingarreitur A (núverandi byggingar og nýjar viðbyggingar) stækkar um 4.750 m² til norðurs yfir núverandi bílastæði á lóð. Áætlað heildarbyggingarmagn innan stækkaðs byggingarreits er 2.500 m² og því eykst heildarbyggingarmagn innan byggingarreits A úr 15.500 m² í 18.000 m². Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,33 í 0,37.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 15. apríl 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 30. apríl 2024